

## Stjórnarfundur 19. febrúar 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Svaðar Magnússon, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson.

Málefni tekin fyrir:

### 1. Neðri-Fákur

Fyrirhugað er hjá Reykjavíkurborg að láta fjarlægja hluta af húsunum í Neðri-Fáki. Ekki er þó búið að taka ákvörðun um að hversu miklu leyti og hvenær á að fjarlægja þau. Stjórn Fáks vill reyna að halda í húsin þarna áfram svo framarlega sem þau eru í notkun.

### 2. Reiðvegir

Unnið er að því að fá fjármagn í að klára reiðveg frá Rauðavatni upp á Hólmshetið og leggja reiðveg framhjá Böltu. Einnig verður gerð tenging frá reiðveginum upp á Hólmshetið inn í Almannadal. Búið er að fá leyfi fyrir reiðveginum framhjá Böltu hjá íbúasamtökum Norðlingaholts og jarðareigandanum.

### 3. Framkvæmdir

Rætt um framkvæmdir í félagsheimilinu og TM Reiðhöllinni.

### 4. Auglýsingar

Í haust var gerður samningur við aðila um að safna auglýsingum fyrir LM2018 og Fák. Auglýsingar vegna Fáksblaðsins eru loksins farnar að berast.

### 5. Lóðasamningar á Fákssvæðinu

Erfiðlega gengur að ganga frá sölum á lóðum í Almannadal þar sem aldrei hefur verið gengið endanlega frá úthlutunarferlinu. Fulltrúar Fáks munu ganga í það að koma þessu á hreint og þrýsta á Reykjavíkurborg að klára ferlið um leið og breytingar á deiliskipulagi verða lagðar fyrir.

Hjörtur ásamt Sigurbirni Magnússyni munu funda með fullrúum Reykjavíkurborgar um stefnu borgarinnar varðandi framlengingu lóðaleigusamninga í Víðidal og Faxabóli.

### 6. Verðlaunasafn Sigurbjörns Bárðar

Fákur á í viðræðum við LH og Sigurbjörn Bárðarson varðandi fyrirætlanir um verðlaunasafn Sigurbjörns.

### 7. Fjármál

Rætt um fjármál félagssins. Kristrún gjaldkeri spyr um uppruna ógreidds reiknings frá BM Vallá. Reikningurinn er vegna steypu sem Fákur fékk gegn því að BM Vallá fengi að auglýsa á Fákssvæðinu.

Berglind Ragnars er að vinna í ársuppgjörinu og er von á því í vikunni skv. nýjustu upplýsingum.

Berglind Ragnars hefur boðið vanan starfsmann í hlutastarf við bókun reikninga hjá Fáki. Stjórn samþykkir að fá þann starfsmann til reynslu í einn mánuð með fyrirvara um uppsett verð. Starfsmaðurinn mun vinna eftir verklýsingu sem Kristrún og Leifur setja saman.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið



Kristrún Ágústsdóttir